

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/49/30

frá 24. mars 2003

um breytingu á ákvörðun 2000/45/EB að því er varðar gildistíma vistfræðilegra viðmiðana er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir þvottavélar (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 218)

(2003/240/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að settar verði sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og mats- og sannprófunarkröfunum er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk.
- 4) Í kjölfar endurskoðunarinnar á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/45/EB ⁽²⁾ er rétt að framlengja gildistíma þessara vistfræðilegu viðmiðana um þrjú ár.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2000/45/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2000/45/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og viðmiðanirnar fyrir hann skulu gilda frá þeim degi sem tilkynnt er um þessa ákvörðun til 30. nóvember 2005. Ef ný ákvörðun um skilgreiningu á vöruflokknum og viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk hefur ekki verið samþykkt fyrir þá dagsetningu lýkur gildistíma þessum 30. nóvember 2006 eða þann dag sem ný ákvörðun er samþykkt, eftir því hvort er fyrr.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. mars 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 18.12.2003, bls. 30.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 16, 21.1.2000, bls. 74.